

Reglur um ljósmynda- og kvikmyndatökur í og við Flugstöð Leifs Eiríkssonar

1. Beiðni um heimild til ljósmynda- eða kvikmyndatöku í Flugstöð Leifs Eiríkssonar berist með a.m.k. 3ja daga fyrirvara til Einars Más Jóhannessonar, rekstrarstjóra FLE hf. (einar@fle.airport.is) eða Halldórs Rúnars Þorkelssonar, þjónustu og öryggisstjóra FLE hf. (runar@fle.airport.is)
2. Beiðni um heimild til ljósmynda- eða kvikmyndatöku á flugþjónustusvæði, utan Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar berist með a.m.k. 3ja daga fyrirvara til öryggissviðs Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvelli, Arngrims Guðmundssonar, yfireftirlitsmanns (arngrimur@caa.is) eða Helga Haraldssonar (helgih@caa.is).
3. Með beiðninni fylgi viðkomandi handrit og óskir um tókustaði, dagsetningu, tíma og fjölda þátttakenda. Þá skal senda lista með nöfnum þátttakenda og kennitölu. Ef um erlenda ríkisborgara eða íslenska ríkisborgara búsetta erlendis er um að ræða, skal fæðingadagur, fæðingastaður og ljósrit úr vegabréfi viðkomandi fylgja með umsókninni.
4. Fasteignasvið Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. afgreiðir umsóknir vegna ljósmynda- og kvikmyndatöku í flugstöðinni, samkvæmt reglum er gilda þar um. Þá sér FLE h.f. um að afla tilskilinna leyfa frá Sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli. Öryggissviði Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli skal tilkynnt um slíkar umsóknir.
5. Öryggissvið Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvelli afgreiðir umsóknir vegna ljósmynda- eða kvikmyndatöku á flugþjónustusvæði utan flugstöðvar, samkvæmt reglum er gilda þar um. Sýslumannsembættinu Keflavíkurflugvelli og FLE skal tilkynnt um slíkar umsóknir.
6. Öryggisstjóri FLE hf., ásamt öryggisvörðum Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli fylgja tókuliði eftir meðan tökur fara fram í flugstöðinni, en flugvallarverðir Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvelli fylgja tókuliði á meðan tökur fara fram á flugþjónustusvæði utan flugstöðvar. Fyrir þessa þjónustu þarf að greiða í samræmi við umfang, þ.e. fylgd, þrif, rafmagn, frágang, rafvirkja o.fl. Áður en tökur hefjast skal greiða reikning fyrir ofangreinda þjónustu, en um verð skal samið áður en leyfi verður veitt.

Keflavíkurflugvelli, 12. febrúar 2004



Jóhann R. Benediktsson, Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli



Björn Ingi Knútsson, Flugmálastjóri Keflavíkurflugvelli.



Höskuldur Asgeirson, Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.